

# Um ferðapistla frá Noregi.

Aug 1913 S 83

Menn ættu að taka, meir en þeir gera, eftir ferðapistlum frá Noregi (eftir Benedikt Bjarnarson kennara), sem eru að koma í Ingólf. Þessi ferðasaga er rituð af meir en vanalegri málnild. Það bætir hugarfarið að lesa svo góða íslenzku, jafnvel þó að þar komi fyrir smágallar. eins og mér virðist það vera, að tala um vel byggðar stúlkur. Og það er líka skilningur í þessari ferðasögu, eins og í öllu, sem í sannleika er vel ritað. Þó virðist höfundur ekki hafa tekið eftir því, hve mjög útlendingar að ætt, einkum ýmiskonar Gyðingar og blendingar af því kyni, ráða í Noregi. Það eru þeir, sem halda uppi dönskunni í Noregi, sem með nokkrum sanni mætti telja til sæmitisku málanna. En hins vegar eru hundrad eða fleiri mállýzkur, sem ekki má fara stórum aftur enn, frá því sem var í Noregi á dögum Eyvindar og Þjóðólfa, ef þær eiga að geta kallast mannamál. „Voto“ segja þeir sumstaðar, í staðinn fyrir að vita. Eg hef þetta eftir sagnfræðingnum Munch, sem það er mest að kenna, að Norðmenn hafa ekki leit að hjálpar hjá Íslendingum í málvand-ræðum sínum. Hann hélt því fram, og menn trúðu honum til þess, að norrænan hefði varðveitt betur í Noregi en á Íslandi. Það er nærri því ótrúlegt, hvaða vitleysur það eru, sem menn leggja trúnað á; og svo á hinn veginn (hve menn eru vantrúaðir á sannleikann). Það væri líklega færri þúsundirnar, sem hér hafa farið t. a. m. í ónýta vegagerð, ef Norðmenn hefði vitað réttara en það, sem Munch kendi þeim. Því að þá væri nú fyrir löngu komið á það andlega samband, milli

Norðmanna og Íslendinga, sem báðum þjóðunum er ómissandi. Norðmenn gæti gert Íslendingum svo margan greiða í viðreisnarviðleitni þeirra, í staðinn fyrir þá hjálp, sem þeir fengi héðan, til að komast upp úr málleysisfeninu og minnast aftur göfugra forfedra.

En um þetta, sem ætti að vera eitt af aðaláhugamálum Íslendinga, verður ekki ritað í stuttu máli.

Mig furðar á, að höfundur ferðapistlanna skuli ekki minnast á, að það kunni að vera eitthvert samband milli vandræðalýðsins á götunum í Kristjanín og ránverðsins í búðunum; og ekki síður á því, að hann skuli segja, að hér á landi sé ekkert auðvald. Hefir annars nokkur þjóð orðið verr úti í þeim efnum en einmitt Íslendingar síðan 1602? En það eru fleiri en hinn ágætlega ritfæri höfundur þessarar ferðasögu frá Noregi, sem ekki skilja þetta.

22. 5.

Helgi Pjeturss.

Aug 1913 S 83

Um lífið á Öðrum Jarðstjörnum taliði Dr. Helgi Pjeturss á sunnudaginn í Bárubúð, kl. 5—6 miðdegis. Efnið er næsta viðfangsmikið og að mörgu nýstárlegt. Varð ræðumaður því að láta staðar numið í miðju kafi og býst við að halda áfram máli sínu innan skamms. Áheyrendur voru vart tvöhundruð.